

Ritstjórnarsími nr. 500

Ritstjóri: Vilbjálmur Finsen

Ísafoldarprentsmiðja

Afgreiðslusími nr. 500

Gamla Bio

## Kraftur bænarinna.

Fallegur og mjög átakanlegur  
sjónleikur í 3 þáttum.Mynd þessi er leikin í undur-  
fögru landslagi við  
**Sevilla og Granada.**

Aðalhlutv. leikur

Fru Renée Carl.

Óskað er eftir að sem flest stúlkubörn taki þátt í skrúðgöngunni 19. júní. Mætið í ljósum kjólum í barnaskólagarðinum kl. 4 eftir háð. og hafið með ykkur fánana ykkar allar sem þá hafið. Vonandi verða allar konur og stúlkur með í skrúðgöngunni.

Hálfðanefndin.

Kranzar og lifandi blóm  
fást í Tjarnargötu 11 B.

Reiðtýgi,

Aktýgi,

Þverbakstöskur.

Hnakktöskur og ýmsar Ólar.

Eignig stærri og smærri

Tjöld, Skátabelti, Beizlis-  
stengur og Istöð

Í stóru úrvali, svo og hestajárn,

fæst ódýrast og bezt í

söðlasmiðabúðinni á Laugav. 18 B.

Sími 646. E. Kristjánsson.

TobaksHúsið

hefir fengið  
mikið úrval

af neftóbaksdósum

Sími 286.

## Hafnarfjarðarbillinn nr. 6

gengur daglega milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Einnig fæst hann í lengri og skemmri ferðir.

Afgreiðsla er í Kaupfélagi Hafnarfjarðar, talsími 8 og Litlu búðinni í Reykjavík, talsími 529.

Landsspítalaskóli Íslands.

## Barnasjónleikurinn Smaladrengrinn

verður leikinn í Iðnó kl. 9 e. h. í dag.

Aðgöngumiðar á 1.50, 1.25, 1.00, 0.50 seldir í Iðnó frá 10—3 og við innganginn.

## Erl. símfregnir.

frá fréttaritara Ísaf. og Morgunbl.).

Kaupmannahöfn 19. júní.

Ítölsku ráðherrarnir hafa setið á ráðstefnu til þess að ræða um breytingar á friðarskilmálum bandamanna.

Allir „pólitískir“ fangar á Írlandi hafa verið láttnir lausir.

Þing Bandaríkjanna hefur samþykkt að verja 600 milljónum dollara til þess að smíða fyrir loftför og flugvélar.

## Þjóðhátíðin

17. júní.

Það var gróðrarveður í fyrradag, sólskin og logn, og gekk á með smáskúrum allan daginn — eitt-hvert bezta vorveður, sem hugsast getur. Og það var vor í hugum Reykjavíkinga. Mátti glögt sjá það, að höfuðborgin var í hátíðarskapi. Enda hafði hún margfalda ástæðu til þess.

Árta dags voru fánar dregnir á stöng um alla borgina og hin íslensku skipin, sem á höfninni lágu, voru fánum skreytt stafna í milli. Skip Sameinaða félagsins voru það ekki. En á Austurvelli blóktu skrautfánar, því að þar átti hátíðin að hefjast.

Tveim stundum eftir hádegi tók fólk að safnast saman umhverfis Austurvöll og var þar brátt saman

kominn múgur manns. Hóf þá »Harpa« hornaleik inni á vellinum en í gegnum mannþröngina var ekið vagni, með tveimur hvítum hestum fyrir. Á þeim vagni var »vikingaskipið«, með ginandi trjónu og háum sporði og skjöldum skarað á bæði borð. Á segl þess var letrað: »Látið ei feðranna frægd falla í gleymsku og dá.« En í lyftingu sátu nokkrir víkingar í litklæðum. Skipinu var ekið inn á Austurvöll og þar hringinn í kring svo að allur mannfjöldinn er stóð umhverfis grindur vallarins, gæti séð það sem bezt.

## Til Íþróttavallarins.

Nú var haldið á stað í fylkingu vestur Kirkjustræti og suður Suðurgötu. Fór »Harpa« í fararbroddi og lék á horn, en á eftir henni kom vikingaskipið og allur manngurinn. Suður hjá Kirkjugarði var staðnæmst og blómsveigur lagður á leiði Jóns Sigurðssonar. Hélt Sigurður Eggerz bæjarfógeti þar ræðu og skoraði á Íslendinga að feta í fótspor hins mikla manns — að hefja Ísland til sjálfstæðis, vegs og frama í hvívetna. Var þá leikið lagið »Ó, guð vors lands«, en síðan haldið til Íþróttavallarins. Þar stóð aðalhátíðin. Og skal hér að eins sagt frá henni í stuttu máli:

Guðm. Björnson landlæknir flutti ræðu og Benedikt Sveinsson alþingismaður aðra, og bauð skáldið Stephan G. Stephansson velkominn hingað heim til ætlandsins. Þá hélt og Klettafjallaskáldið ræðu, en það eitt er af þessum þremur ræðum að segja, að eigi heyrðum vér þær og mun svo hafa farið fyrir flestum. Er það alveg ófært, að láta ræðu-höld fara fram á Íþróttavellinum og leyfa mönnum eigi að koma nærri ræðupallinum. Hefði það verið nær að hafa ræðupallinn í einhverju horni vallarins og leyfa fólki að standa þar sem þéttast umhverfis. Er vonandi að Íþróttafélagið athugi

NÚJA BÍÓ

Nýtt  
prógram  
í kvöld!

19. júní

lesa allir

„19. júní“

blað dagsins.

Þetta næst og skal eigi fleiri orðum um það farið að sinni.

Síðan voru Íþróttasýningar: fimleikar, íslensk glíma, kapphlaup og knattspyrna. En úti í suðausturhorni vallarins hringsnerist hringekjan allan liðlangan daginn með tugi af brosand og hlæjandi börnum og þar rétt hjá voru fjórar rólur, sem sveifluðust látaust hver í kapp við aðra. Og í norðvesturhorninu hafði Dahlsted tjöld og og veitingar og var þar heldur en ekki gestkvæmt. Á eftir var dansað á glímupallinum.

Kapphlaupið var 800 metra langt og þreyttu það Sigurjón Pétursson, Otto Bj. Arnar og Ólafur Sveinsson. Varð Sigurjón þeirra hlutskarpastur. Íslensku glímuna sýndu Sigurjón Pétursson, Magnús Kjaran, Helgi Hjörvar, Guðbrandur Magnússon og Bjarni Magnússon. Var það fegurðarglíma en eigi kappglíma. Knattspyrnuna þreyttu félagið »Vikingur« og úrval úr yngri deildum »Fram« og »Reykjavíkur«. Vann »Vikingur« sigur með 2:1.

Meðan þessu fór fram þar syðra var kappsamlega unnið að því niðri í Iðnó að búa undir samsæti það er halda átti Stephani G. Var stóri salurinn allur fánum skreyttur — íslenskum fánum — mjög smekklega, borðum og stólum var raðað sem þéttast í salinn, voru borðin skreytt með íslenskum blómum. — Samsætið hófst klukkan hálfátta og sat það hátt á annað hundrad manna. Fór það hið bezta fram.

Klukkan hálf tíu söng »17. júní« nokkur lög á tröppunum fyrir framán Stjórnarráðið. Dreif þar að argrúi áheyrenda, svo sem nærri má geta og er það ekki ofmælt að fólkið hafi skift þúsundum. Launaði það söngmönnum hvert lag með dynjandi lófataki og hefði helzt viljað hlusta á söng þeirra félagalaft til morguns.